

Eystrahorn

32. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 17. september 2020

www.eystrahorn.is

Nýsköpun og menning í þrengingum

Þegar harðnar á dalnum og blikur eru á lofti er mikilvægt að leggja ekki árar í bát heldur horfa fram á við og skipuleggja verkefni sem gera okkur kleift að komast upp úr öldudalnum.

Því hefur verið haldið fram og kannski með réttu, að nýsköpun sé ekki ein af leiðunum fyrir okkur til að koma af stað vexti í hagkerfinu, heldur eina leiðin. Hvort það sé hárrétt skal ósagt látið en mikilvægi nýsköpunar eykst í það minnsta mikið í samdrætti.

Það sama má segja um menninguna og þau miklu áhrif sem blómlegt menningarlíf hefur á mannlíf og velferð samfélaga. Þá er einnig vert að nefna skapandi greinar og þau mikilvægu efnahagslegu áhrif sem velgengni og vöxtur þeirra hefur á hagkerfið. Innan skapandi greina eru fjölmörg tækifæri til nýsköpunar. Suðurland getur staðið framarlega þegar kemur að skapandi greinum, hér er mannauður fyrir hendi, staðsetning, fjarskipti, samgöngur, umferð um landshlutann og margt annað sem styður vöxt þeirra.


Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands er meðal annars að styðja við nýsköpun og atvinnuskapandi verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs, ásamt því að efla menningarstarfsemi og listsköpun á



Suðurlandi. Sjóðurinn styrkir árlega á bilinu 130-160 verkefni, annars vegar í flokki nýsköpunar og atvinnu og hins vegar á sviði menningar. Tvisvar á ári er opnað fyrir úthlutunir, og rennur frestur út í mars og október ár hvert. Núna er opið fyrir umsóknir en frestur til að skila inn í þetta umsóknarferli rennur út 6. október næstkomandi kl. 16.00. Umsóknum skal skilað í gengum form sem er aðgengilegt á heimasíðu SASS og þar má einnig finna áherslur og markmið sjóðsins ásamt úthlutunarreglum og mati á umsóknum, sem mikilvægt er fyrir umsækjendur að kynna sér.

Ráðgjafar á vegum SASS sem eru vítt og breytt um Suðurland eru reiðubúnir að veita aðstoð við mótun verkefna, gerð

umsókna og áætlunargerð. Hægt er að hafa samband við ráðgjafa símleiðis, með tölvupósti eða bóka með þeim fund. Nú er einnig hægt að bóka ráðgjöf í fjarfundi sem ráðgjafi setur upp í samráði við umsækjanda. Fjarfund er hægt að panta á heimasíðu SASS eða með því að senda tölvupóst á viðkomandi ráðgjafa. Við biðum spennt eftir að heyra ykkar hugmyndir



Með kveðju,
Hrafnkell Guðnason
Ráðgjafi SASS

Ályktun um flugvelli á Suðurlandi og öryggi ferðamanna og íbúa á svæðinu

“Undanfarin ár hafa orðið alvarleg bílslys í Sveitarfélaginu Hornafirði og Skaftárhreppi samhliða auknum ferðamannastraumi. Fjöldi ferðamanna sem heimsækja t.a.m. Skaftafell og Jökulsárlón voru um 850 þúsund árið 2019.

Nýlega fór smárúta út af veginum á Skeiðarársandi með unglingsstráka á vegum Ungmennafélagsins Sindra. Sem betur fer slösuðust þeir minna en talið var í fyrstu og eru drengirnir á batavegi. Að slysinu komu fjölmargir viðbragðsaðilar og

heilbrigðisstarfsfólk og voru drengirnir allir fluttir á Landspítalann til aðhlyningar með þyrlu en sjúkrahéll gat ekki lent í Öræfum þar sem vellirnir þar eru ekki með bundnu slitlagi.

Í Öræfunum eru tveir flugvellar; í Skaftafelli og á Fagurhólsmýri. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar leggur áherslu á að tryggja þarf öryggi á svæðinu með viðunandi hætti og beinir því til alþingismanna, ráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og ISAVIA að láta



meta kostnað þess að byggja upp aðra hvora flugbrautina í Öræfum og jafnframt að leggja mat á hvor þeirra henti betur til lendinga að teknu tilliti til öryggissjónarmiða. Það er nauðsynlegt að hafa flugvöll sem getur þjónað neyðar- og sjúkráþjónustu á þessu fjölsóttu og viðfeðma landsvæði.”

Sofðu vel heilsunnar vegna

Úrval af rúmum og dýnum, sama verð og í Reykjavík.
Frír flutningur um óákveðinn tíma.
Úrval af fallegum og nýsamlegum gjafavörum
Verið velkomin

Opið frá kl. 13-18 virka daga
478-2535 / 898-3664





HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 20. september
Helgistund kl. 11:00

Strax að stundinni lokinni verður fundur með væntanlegum fermingar börnum og foreldrum þeirra. Farið verður yfir fræðslu vetrarins og spurningum svarað. Mikilvægt að sem flestir mæti.

Prestarnir

Guðni Arinbjarnar, bæklunarskurðlæknir
verður með móttöku á heilsugæslustöð
Hornafjarðar **30. september n.k.**

Tímamantanir í síma 432-2900 virka daga

Aðalfundur

Boðað er til aðalfundar lðnaðarmannadeildar AFLs
Starfsgreinafélags 2020 mánudaginn
21. september kl. 17:00

Fundurinn verður haldinn að Búðareyri 1, Reyðarfirði en einnig verður unnt að vera þátttakandi á fundinum í "fjarfundi." félagsmenn sem vilja taka þátt í fundinum tilkynni þátttöku með tölvupósti á asa@asa.is og fá þá um hæl boð um þátttöku. Tekið verður við þeim skráningum fram að upphafi fundar.

Dagskrá:

1. Kjaramál
2. Skýrsla formanns
3. Kjör stjórnar
4. Önnur mál

Kosið verður um varaformann deildarinnar og tvo meðstjórnendur. Þá verður einn varamaður í stjórn í kjöri.



Til góðra verka

Vinstri Græn í A-Skaftafellssýslu heldur aðalfund

Sunnudaginn 20. september 20.00

Golfskálanum

Venjulega aðalfundarstörf.

Auk þess verða komandi alþingiskosningar
haust 2021 til sérstakrar umræðu.

VIRÐUM SÓTTVARNAREGLUR!

Þeir sem ekki geta verið á staðnum geta tekið þátt í gegnum fjarfund.
Nánari upplýsingar verða send út til félagsmanna í gegnum tölvupóst.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf. Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Ritstjóri og Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson Prentun: Litlaprent
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is ISSN 1670-4126

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA HAUSTFUNDUR

Félags
eldri Hornfirðinga verður
laugardaginn 19. september kl. 14:00 í
Ekrusalnum

Gestir fundarins verða: Matthildur
Ásmundardóttir bæjarstjóri og Valgerður
Reykjalín íþróttakennari.
Fylgt verður sóttvarnareglum á fundinum.



Aðalfundur Krabbameinsfélags Suð austurlands

verður haldinn fimmtudaginn
24. september kl. 20:00 í sal Ekrunnar.
Venjuleg aðalfundarstörf.
Allir hjartanlega velkomnir.

Stjórn Krabbameinsfélags Suð austurlands.



Krabbameinsfélag
Suð austurlands

FÓTAAÐGERÐIR

Verð í **EKRU** dagana
21. til 24. september

Pantanir í síma 8 200 593

Kveðja, Edda Lára Guðgeirsdóttir
löggr. fótaaðgerðafræðingur



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti 10. sept. 2020 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að breytt er flatarmáli verslunar- og þjónustuvæðis VP. 40 úr 750 m² í 3000 m².

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagsstjóra sveitarfélagsins.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir,
umhverfis- og skipulagsstjóri.*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Vegna fyrirhugaðrar útgáfu á endurminningum Guðjóns R. Sigurðssonar

Dagana 19.-21. september næstkomandi verð ég við heimildaöflun í Austur-Skaftafellssýslu í tengslum við endurminningar Guðjóns R. Sigurðssonar. Óska eftir ljósmyndum, munum og pappírnum sem tengjast Guðjóni með einum eða öðrum hætti.

Ég hef sérstakan augastað á ljósmyndum frá árum hans í Kanada.

Ég verð með fasta viðveru sem hér segir:

- Þórbergssetri sunnudaginn 20.september frá kl.10:00-16:00
- Bókasafni Hornafjarðar 21. og 22. september frá kl. 9:00-16:00

Guðjón R. Sigurðsson fæddist að Hömrum í Mýrarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu 26. apríl 1903. Foreldrar hans voru hjónin Runólfur Sigurðsson frá Svínafelli í Örfæmum og Steinunn Jónsdóttir frá Odda á Mýrum. Þegar Guðjón var tveggja vikna gamall fluttu þau ásamt þremur börnum sínum til Kanada í leit að betri lífskjörum. Guðjón varð hinsvegar eftir, fyrst hjá ömmu sinni og afa, Guðnýju Benediktsdóttur og Jóni Bjarnasyni, en síðan ólst hann að mestu leyti upp hjá Ingunni, móðursystur sinni, og manni hennar, Einari Þorvarðarsyni á Brunnhól í Mýrum. Móðir hans lést ári eftir vesturförina. Þegar Guðjón var rúmlega tvitugur barst honum bréf frá föður sínum þar sem hann fór þess á leit við Guðjón að hann færi vestur. Að lokinni vorvertíð á Höfn árið 1924 fékk hann hest hjá frænda sínum á Mýrum og bjóst af stað í Ameríkuferð með aleiguna í hnakkstöku. Hann fór ríðandi til Víkur í Mýrdal en gekk þaðan



Guðjóni fyrir framan kofann sinn

síðasta spölinn til Reykjavíkur.

Eftir að hann kom til Kanada dvaldi hann um tíma hjá föður sínum, en staldraði stutt við. Fór hann von bráðar að leita fyrir sér um atvinnu annars staðar og varð starfsemi hans mjög fjölbreytt þar vestra. Guðjón bjó í Kanada í 37 ár, frá 1924 til 1961, og gerir hann þeim tíma rækileg skil í endurminningum sínum.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Þórður Sævar Jónsson
S:663-1306

RIFF Í KRINGUM LANDIÐ

17 - 23. SEPT 2020

Barna stuttmyndir
Verðlaunaðar evrópskar stuttmyndir
Bilabíó - Dancer in the Dark

17. SEPT: **HVAMMSTANGI**

18. SEPT: **DALVÍK**

19. SEPT: **RAUFARHÖFN**

20. SEPT: **EGILSSTAÐIR**

21. SEPT: **ESKIFJÖRÐUR**

21. SEPT: **HÖFN Í HORNAFIRÐI**

22. SEPT: **REYKHOLT**

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Breyting á aðalskipulagi Skaftafell III og IV

Bæjarstjórn sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 16. apríl 2020 að gera breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 varðandi uppbyggingu á Vp svæði í Skaftafelli III og IV. Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði um breytinguna á fundi sínum þann 11. mars 2020.

Markmið breytingarinnar er að heimila uppbyggingu gistingar, allt að 1.400 m² í landi Skaftafells III og IV til þess að auka þjónustu við þann fjölda ferðafólks sem kemur í Örfæfin.

Skipulagsbreytingin var auglýst frá 16. maí til 1. júlí 2019, kynningarfundur var haldinn þann 9. maí sama ár og var hann kynntur fyrir íbúum með dreifibréfi. Kynningarfundur var haldinn um málið 5. mars. Íbúafundur vegna tillögu að aðalskipulagsbreytingu var haldinn á auglýsingartíma, þriðjudaginn 11. júní 2019 í Hótel Skaftafelli, Freysnesi.

Tólf athugasemdir og ábendingar bárust og var brugðist við þeim. Breytingar á tillögunni eftir auglýsingu eru að byggingarmagn var minnkað verulega og er nú gert ráð fyrir 1400 m² í stað 5200 m². Felld hafa verið út verslunar og þjónustubygging og íbúðarhúsnæði. Eftir standa 35 smáhýsi fyrir gistingu. Valkostur 2 var felldur út úr umhverfisskýrslu vegna athugasemdar landeiganda.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta óskað eftir upplýsingum hjá starfsmönnum sveitarfélagsins.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjorður.is

Gerum meira en minna



Hlutdeildarlán hitta í mark.

Afkastamikill þingstubbur var haldinn í síðustu viku og voru þau mál klárud sem gert hafði verið ráð fyrir á stubbnum og reyndar rúmlega það. Þingstarfið er óhefðbundið í þeim kringumstæðum sem við erum að glíma við sem þjóð og við höfum verið að afgreiða mál í þinginu sem taka mið af breyttum aðstæðum. Þær breytast frá degi til dags en það er gengið vasklega fram og viðbrögðin og aðgerðirnar flestar mælst vel fyrir og virkað vel. Eðlilega ekki allar aðgerðirnar en ríkisstjórnin hefur fylgt því að gera frekar meira en minna og almennt er mikil ánægja með það. Umræður og skoðanaskipti í þinginu hafa nær alltaf verið eðlileg en það skortir á skilning á atvinnulífnum sem er meira

en hagtölur á excelskjali eða kannski þá helst að margir þingmenn hafa þar engin tengsl þrátt fyrir margar ræður um atvinnulífið.

Hlutdeildarlán.

Frumvarp félags- og barnamálaráðherra til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 (hlutdeildarlán) er enn eitt dæmið um sókn fyrir fyrstu kaupendur á húsnæðismarkaði. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar árið 2017 var ákvæði að bæta stöðu ungra og tekjulágra á húsnæðismarkaði. Í aðdraganda kjarasamningsviðræðna veturinn 2018-2019 skipaði félags- og barnamálaráðherra átakshóp sem var ætlað að skoða leiðir til að auka framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Frumvarpið var því liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði með lífskjarasamningum.

Það er staðreynd að mikill hluti þess íbúðarhúsnæðis sem hefur verið byggt á undanföllum árum er ekki hagkvæmt fyrir fyrstu kaupendur og tekjulága. Húsnæðið er dýrt, það er of stórt eða stendur á dýrum byggingasvæðum. Þá standa hagstæðustu vextirnir á lánun til íbúðakaupa í þeim tilfellum einvörðungu fyrir þá kaupendur sem hafa yfir ríflegu eigið fé að ráða. Þeir

sem hafa lítið eigið fé eða jafnvel ekkert eru þar af leiðandi álitnir áhættumeiri lánahópur og greiða því gjarnan hærri vexti af lánunum sem þeir taka. Allt þetta gerir það að verkum að unga fólkið okkar og tekjulágrir, sem eru að taka sín fyrstu skref á fasteignamarkaði eiga oft erfitt með að útvega það fjármagn sem upp á vantar í útborgun. Hlutdeildarlánin mæta því tekjulágum afar vel og hjálpa þeim yfir erfðasta hjallann í fjármögnun íbúðarkaupa með aðeins 5% eigið fé.

Nýr hópur, mikill áhugi á hlutdeildarláni.

Séreignarstefna Sjálfstæðisflokksins er að allir geti eignast sitt eigið húsnæði og Sjálfstæðisflokkurinn vill fjölbreytt og hagkvæmt húsnæðisúrval fyrir alla. Því skiptir miklu máli að aðgerðir hans opinbera, ríkis og sveitarfélaga á sviði húsnæðismála stuðli að auknu og jöfnu framboði húsnæðis. Lækkun byggingarkostnaðar næst með lægra lóðaverði og byggingargjöldum sem er markmiðið sem unnið er að. Með hlutdeildarlánunum gefst nú nýjum hópi á fasteignarmarkaði tækifæri til að eignast sína eigin íbúð og fellur því frumvarpið vel að stefnu Sjálfstæðisflokksins í húsnæðimálum að sem flestir eignist sitt eigið húsnæði.

Hlutdeildarlán geta numið 20% af

kaupverði íbúðar og eigið fé 5% en tekjumörk einstaklings eru 7.560.000 og hjón 10.560.000 á ári og við það bætist 1.560.000 fyrir hvert barn undir 20 ára. Fyrir þá sem hafa enn lægri tekjur eða einstaklingur með 5.018.000 eða sambylisfólk með 7.020.000 og barn inna 20 ára 1.560.000 er möguleiki á 30% hlutdeildarláni. Lánið er til 10 ára en hægt að framlengja það þrisvar sinnum í 5 ár eða alls 25 ár. Með þessum tekjumörkum er alveg nýjum hópi fyrstu kaupenda gefið tækifæri til að eignast sína eigin íbúð.

Á næstu 10 árum verða lagðir 40 ma.kr. í hlutdeildarlán, eða 4 ma.kr. á ári og allt að 400 íbúðir byggðar og 20% af þeim á landsbyggðinni.

Hlutdeildarlán er hægt að endurgreiða eftir 10 ár og eftir það veitir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun kaupendum ráðgjöf um stöðu þeirra og endurgreiðslumöguleika á fimm ára fresti í þrjú skipti. Möguleikinn er því að vera í kerfinu í 25 ár, en reynslan erlendis er að flestir kaupa sig út úr kerfinu eftir fimm til tíu ár vegna bættrar eignar- og fjárhagsstöðu. Hlutdeildarlánin hitta því strax í mark og daginn eftir samþykkt laganna á Alþingi rigndi fyrirspurnum yfir þingmenn og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem veitir lánin.

Ásmundur Friðriksson alþingismaður.



Vilt þú hjálpa okkur að gæta hagsmuna þjóðarinnar?

Fiskistofa óskar eftir að ráða metnaðarfulla og jákvæða starfsmenn í veiðieftirlit í **Stykkishólmi** og á **Höfn í Hornafirði**. **Veiðieftirlit er einn mikilvægasti þáttur í starfsemi Fiskistofu og er eftirlitið í stöðugri þróun.**

Helstu verkefni:

- Eftirlit á sjó, en í því felst m.a. lengdarmæling á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.
- Eftirlit í landi, en það felur m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu afladagbóka. Eftirlit með löndunum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa, eftirlit með lax- og silungsveiði ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskrángarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Haldgóð reynsla af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Gott heilsufar sbr. heilsufarskröfur Fiskistofu
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sanngirni og háttvísi.
- Mjög góð hæfni í samskiptum nauðsynleg.
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. skipstjórnarréttindi, stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 30. september 2020.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við Sameyki. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Mannauður Fiskistofu er grunnstoðin í starfsemi hennar og er lögð mikil áhersla á starfsþróun, teymisvinnu og þekkingarmiðun. Starfandi veiðieftirlitsmenn eru nær eingöngu karlar og er því athygli fólks af öðrum kynjum vakin á starfinu í þeim tilgangi að jafna kynjahlutföll í starfsgreininni, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Nánari upplýsingar um störfin veitir **Viðar Ólason, deildarstjóri í veiðieftirliti** eða **Hildur Ösp Gylfadóttir sviðsstjóri mannauðs og fjármála í síma 5697900**

Ferilskrá á íslensku sem hefur m.a. að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila sem og kynningarbréf þar sem hæfni viðkomandi umsækjanda í starfið er rökstudd sendist í gegnum heimasíðu fiskistofu, www.fiskistofa.is í kynningarbréfi skal koma skýrt fram við hvaða starfsstöð umsækjandi sækir um starf.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt og eru höfuðstöðvar á Akureyri. Stofnunin annast stjórnýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is

SKAPANDI NÁMSKEIÐ Í FAS

í september, október og nóvember 2020



01 Námskeið í hljóðupptöku og hljóðblöndun

Kennari: Skrýmir Árnason

Staðsetning: Stofa 202 FAS

Dagsetning og tími:

25.09.20 - kl:13.00-17.00

26.09.20 - kl:13.00-17.00

27.09.20 - kl:13.00-17.00

Nemendur þurfa að koma með eigin fartölvur með:
"Window 7 eða nýrri, 4 GB í vinnsluminni og
multicore intel örgjörva eða AMD CPU".



02 Leiserskurður (Laser Cut)

Kennarar: Aida González

Að læra með okku hvenig að nota laser skera og hanna líttinn kassa.

Staðsetning: Vöruhúsið



Dagsetning og tími:

Hópur 1

07.10.20 - kl:16.00-20.00

09.10.20 - kl:13.00-20.00

Hópur 2

10.10.20 - kl:10.00-17.30

11.10.20 - kl:10.00-17.30



03 TvíVidd

Kennarar: Lind Völundardóttir & Tim Junge

Teiknun, málun, ljósmyndun og Photoshop Allt eða sumt, að eigin vali.

Staðsetning: Vöruhúsið

Dagsetning og tími:

24.10.20 - kl:10.00-17.30

25.10.20 - kl:10.00-17.30

31.10.20 - kl:10.00-17.30

01.11.20 - kl:10.00-17.30



04 Förðun

Kennari: Auglýst síðar

Staðsetning: Auglýst síðar

Dagsetning og tími: Auglýst síðar (væntanlega í nóvember)

Sótt er um á vef FAS
www.fas.is

Skráningargjald er kr. 6000 hvort sem tekinn er einn eða allir námsþættir.

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Frítt

KVÖLDSTUND MEÐ KVAN 16-20 ÁRA

MÁNUDAGINN 28. SEPT

KL. 17-21 @ NÝHEIMAR

KVAN heimsækir Höfn og býður uppá skemmtilega kvöldstund fyrir ungmenni 16-20 ára!
Farið verður yfir mikilvæg málefni á léttu nótunum

Má minnka kröfurnar???

Þú hefur áhrif!

Eflum þrautseigju

+ styrkleikar
+ sjálfstraust
+ samskipti

Veitingar og pizzapartý í hléi - mikilvægt er að skrá sig

Frekari upplýsingar og skráning:

- facebook viðburðurinn "Kvöldstund með KVAN"
- á skrifstofu Nýheima þekkingarseturs
- hjá Kristínu Völu (kristinvala@nyheimar.is)

Elva



Gunnar



ALLIR VELKOMNIR